**Bekkur**: 10. bekkur

**Námsgrein**: Danska

**Kennarar**: Elísabet Kvaran

**Tímafjöldi**: 3 tímar á viku

**Námsgögn:**

- Smil lesbók og vinnubók A og B
- Fjölbreytt efni af dr.dk
- Gagnvirkir vefir
- Danskar kvikmyndir
- Dægurlög og textar á dönsku
- Smásögur

**Lykilhæfni:** Þættir sem hafa áhrif á námsmat eru:

- Tjáning og miðlun
- Skapandi og gagnrýnin hugsun
- Sjálfstæði og samvinna
- Nýting miðla og upplýsinga
- Ábyrgð og mat á eigin námi

- **Menningarlæs**i: tengist öllum efnisþáttunum. Nemendur kynnast samfélaginu, menningu og siðum með aðstoð kvikmynda, sjónvarpsþátta og tónlistar. Flest þau viðfangsefni sem tekin eru fyrir fjalla á einn eða annan hátt um líf fólks í viðkomandi menningarheimi.
- **Námshæfn**i: tengist öllum efnisþáttunum. Nemendur þurfa að setja sér raunhæft markmið, beita sjálfsmati og jafningjamati, nýta sér samhengi í texta til að geta til um merkingu orða, nýta sér reynslu og þekkingu til að skapa nýja þekkingu, vinna sjálfstætt og með öðrum og nýta öll helstu hjálpartæki eins og ítarefni, orðabækur, leiðréttingarforrit

| Efnisþættir | Hæfniviðmið | Kennsluhættir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Hlustun** | Nemandi geti:<br>• Skilið danskt mál er varðar hann sjálfan, áhugamál og daglegt líf | • Nemendur hlusta á mælt mál og vinna verkefni sem prófa skilning á málinu. | • Verkefni/próf úr efni sem nemandinn hefur hlustað á |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | • Skilið í samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og tengist viðfangsefnum námsins<br>• Fylgt þræði í fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar<br>• Hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum og brugðist við á réttan hátt. | | |
| **Lesskilningur** | Nemandi geti:<br>• skilið megininntak í frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra,<br>• fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu,<br>• lesið sér til gagns og gamans nokkuð auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki og fjallað um efni þeirra og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómstundir og ferðalög. | • Lestur í lestextum/heftum og verkefni leyst sem fylgja orðaforða/textunum<br>• Nemendur horfa á myndbönd með texta, sem reynir einnig á lesskilning<br>• Nemendur afla sér upplýsinga á miðlum þegar unnin eru þemaverkefni | • Lesskilningspróf/kannanir |
| **Ritun**<br>• málnotkun<br>• málfræði | Nemandi geti:<br>• skrifað texta af mismunandi gerðum, með litlum stuðningi, t.d. gátlista og fyrirmynda<br>• sagt nokkuð lipurlega frá og brugðist við því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt,<br>• lýst vel atburðarás eða því sem hann hefur upplifað<br>• samið texta með ríkulegum orðaforða þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín.<br>• Nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, | • Nemendur skrifa nokkur misstór ritunarverkefni, bæði sem einstaklings og hópa-/paraverkefni | • Skil á ritunarverkefnum.<br>• Hefti/glósubók skoðuð reglulega |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit | | |
| **Frásögn og samskipti** | Nemandi geti:<br>• tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf,<br>• bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum,<br>• notað málið lipurlega sem samskiptamiðil í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal<br>• sagt frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum,<br>• greint frá og lýst atburðum og athöfnum án mikils stuðnings gátlista, tónlistar, mynda o.s.frv.,<br>• flutt undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra | • Nemendur tjá sig munnlega á einfaldan hátt bæði í einstaklings og hópa-/paraverkefnum<br>• Nemendur taka virkan þátt í samskiptisverkefnum og sýna tillitsemi | • Skil á kynningarverkefnum og mismunandi samskiptisverkefnum<br>• Notast við PowerPoint og myndbandsverkefni |